

Anton Kári Halldórsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131000116/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Þórsmörkursvæðið, Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu deiliskipulags fyrir Þórsmörkursvæðið. Í lýsingunni kemur fram að hún er gerð fyrir verkefnið í heild, og að gerður verður sameiginlegur skýringauppráttur fyrir allt Þórsmörkursvæðið. Síðan er stefnt að því að vinna sérstakt deiliskipulag fyrir hvert þjónustusvæði fyrir sig, þ.e. Bása, Húsadal, Slyppugil, Langadal og þjónustusvæði við Gígjökul. Einnig kemur fram að tillaga að deiliskipulagi muni fela í sér uppbyggingu þjónustumiðstöðva, endurbætur stíga og gönguleiða, samhliða því að stuðla að verndun náttúru- og menningarminja.

Afmörkun og landeigendur

Svæðið sem fjallað er um í ofangreindri lýsingu nær frá Gígjökli og tekur yfir þjónustustaði ferðamanna í Þórsmörk. Þórsmörk er þjóðlenda og hefur verið í umsjá Skógræktar ríkisins frá árinu 1919. Þar sem áætlaðar framkvæmdir, sérstaklega áætlun um byggingu göngubrúar yfir Markarfljótið, geta haft í för með sér mikla, jafnvel gífurlega aukningu ferðamanna í Þórsmörk bendir stofnunin á að í 22. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: „*Þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða réttihafa um umferð manna og dvöl á landi hans*“. Umhverfisstofnun bendir á að skv. ofangreindri grein náttúruverndarlaga er hægt að halda utanum fjölda þeirra er sækja Þórsmörk heim og jafnvel nýta greinina til að takmarka fjölda gesta í Þórsmörk á hverjum tíma.

Náttúruminjar

Þórsmörk er eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins og er á náttúruminjaskrá, svæði nr. 714, í skránni segir: „*Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.*“ Umhverfisstofnun bendir á að þar sem náttúruverndar- og útivistargildi náttúruminjasvæðisins Þórsmarkar er mikið, er afar mikilvægt að allar áætlanir um framkvæmdir feli í sér að sjónrænum áhrifum sé haldið í algjöru lágmarki, að framkvæmdir falli vel að landslagi og umhverfi og að þess sé gætt að viðhöfð séu vönduð

vinnubrögð og að komið verði í veg fyrir allt óþarfa rask á svæðinu.

Fyrirhugaðar breytingar með deiliskipulagstillögu

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gerð sé þolmarkagreining svo ljóst sé hve margir geti dvalið á sama tíma á svæðinu þegar gerðar eru áætlanir til framtíðar fyrir svæðið. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að náttúruverndargildi svæðisins skerðist ekki. Umhverfisstofnun tekur undir það að áfram verði aðeins fært fyrir vel búna bíla austur yfir Jökulsá og inn í Mörk.

Í lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir göngubrú yfir Markarfljót gegnt Húsadal og að heilsársvegur verði gerður úr Fljótshlíð að brúnni. Umhverfisstofnun telur að í tillögu að deiliskipulagi ætti að koma fram áætlanir um þann gestafjölda er Þórsmörkin komi til með að þola, þegar aðgengi Þórsmörk er gert auðveldara en áður hefur þekkt með gerð göngubrúar. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða hvaða áhrif slík brú muni hafa á náttúruupplifun í Húsadal, og hver breytingin verður fyrir þá sem koma í Þórsmörk.


Við Gígjökul


Fram kemur í lýsingu að gert er ráð fyrir upplýsinga- og þjónustumiðstöð ásamt bílastæðum á Gígjökulssvæðinu. Einnig kemur fram að þar yrði endastöð smærri bíla. Í umfjöllun um núverandi ástand kemur fram í lýsingu að Gígjökulssvæðið líði fyrir skipulagsleysi, og að bílför marki línur víða. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að svæðið verði hannað frá grunni þegar að framkvæmdum kemur, og að lagt verði mat á hvar best er að staðsetja veg inn á svæðið m.t.t. þess að vernda sérstæðar jarðmyndanir á svæðinu. Einnig er mikilvægt að horft sé til landslags svæðisins með þeim hætti að bílastæði eða önnur mannvirki falli vel að umhverfinu og skerði ekki náttúrulega ásýnd svæðisins.

Niðurstaða

Í ofangreindri lýsingu er farið yfir nauðsyn þess að koma upp meiri þjónustu í formi þjónustumiðstöðva og að skálasvæði verði eflað og stígar lagfærðir og/eða byggðir upp. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að framkvæmdir verði ekki yfirþyrmandi á þessum sérstæða stað sem Þórsmörkin og nærumhverfi hennar er. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sett séu skýr markmið fyrir svæðið m.t.t. framtíðarþróunar hvað varðar ferðamannafjölda og þess hve mikið svæðið þolir án þess að gengið sé á þær auðlindir sem þar eru.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun